



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun Laxnesssýningar
í Aþenu
18. september 2001**

Virðulegu sýningargestir

Ævi skálds – örlög þjóðar; ljóð og sögur – sjálfsmynd og tilverugrunnur. Textinn og orðin samgróin skilningi okkar á vanda þess og vegsemd að vera Íslendingur. Heimsborgari og þjóðskáld.

Slíkar eru hugrenningar okkar þegar við glímum við að túlka Halldór Kiljan Laxness. Samt er það varla hægt. Stærð hans og margbreytileiki eru ofan og utan við einfalda lýsingu. Umfram aðra menn varð hann samnefnari helstu hugmyndastrauma tuttugustu aldarinnar, mesta umbrotaskeiðs í sögu mannkyns.

Leiftrandi ungmenni sem yfirgaf skóla til að helga sig skáldskap, hélt út í heim, gekk í klaustur, gerðist kaþólikki, skrifaði uppreisnarsögu ungs manns, hið gamla og nýja í ólgandi straumi, hélt til Ameríku og reyndi fyrir sér í Hollywood, ofbauð fátækt og kúgun, varð liðsmaður, kommúnista og boðberi róttækra breytinga, vinsæll gestur í Sovétríkjunum en ritaði síðar á ævinni uppgjör við þá tíma, höfundur skáldverka sem hvert af öðru túlkuðu íslenska þjóð í umróti heimsins, lýsti sjómönnum og bændum betur en öðrum tókst en varð samt mesti heimsborgari okkar skálda, skrifaði ádeilurit í stíl fornra sagna sem skráðar voru fyrir mörgum öldum, óf heimspeki Austurlanda inn í heim íslenskra sveita og sjávarþorpa, skrifaði leikrit þar sem hið fáránlega varð sönn reynsla, gaf okkur ljóð sem leika léttar á tungu en flest önnur, skrifaði í blöð og barðist með orði og penna.

Halldór Kiljan Laxness er ekki aðeins mesta skáld Íslands á síðari tímum. Hann er líka öflugur fulltrúi þeirra strauma sem léku um Evrópu á öldinni sem nýlega er liðin. Það er vafamál að nokkur annar evrópskur rithöfundur hafi komið svo víða við í hugmyndasögu álfunnar, allt frá fyrra heimsstríði til geimferða og tölvutíma. Íslenskt skáld sem sýnir okkur Evrópu í aldaspegli – verkum sínum.

Íslendingar og Grikkir hafa veitt Evrópu menningararf frá fornum tímum, frásagnir og hugsun sem gömul rit gefa okkur, sígild verk heimspekinga og rithöfunda. Halldór Kiljan Laxness hefur á sama hátt og þeir sem skráðu hinar fornu íslensku sögur fyrir um sjö hundruð árum gefið okkur skáldskap, ritverk og ljóð sem gerðu Íslendingum kleift að túlka sjálfan sig á nýjan hátt, veittu þjóðinni aðra sýn á sjálfan sig og heiminn allan.

Það er því vel við hæfi í fyrstu opinberu heimsókn forseta Íslands til Grikklands að hafa Halldór Kiljan Laxness með í för og efna hér til kynningar á ævi hans og verkum.

Ég þakka öllum þeim sem gert hafa sýninguna að veruleika. Um leið og ég opna hana hér með formlegum hætti er það mér sérstök ánægja að afhenda bókasafni að gjöf úrval verka Halldórs Kiljans Laxness.